



Fréttabréf Brekkuskóla

2. febrúar 2015
64. tbl. skólaárið 2014 - 2015
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Nú ræður vetur konungur ríkjum, en sólin er þó byrjuð að hækka á lofti og áður en varir verður góan tekin við af þorranum.

Framundan eru nokkrar rannsóknir, en einn liður í skólaþróun er að taka þátt í rannsóknum og könnunum. Rannsóknin Ungt fólk nær til nemenda í 5. - 10. bekk. Evrópska vímuefnarannsóknin og Pisa eru einungis lagðar fyrir 10. bekk. Skólapúlsinn er lagður fyrir nemendur í 6.-10. bekk, hver nemandi svarar einu sinni yfir skólaárið. Í byrjun febrúar verður svo send út könnun til úrtaks úr foreldrahópnum og við hvetjum fólk til þess að svara því rödd foreldra er skólanum mikilvæg. Niðurstöður úr nemenda- og foreldrakönnunum Skólapúlsins eru birtar á vefsíðu Brekkuskóla.

Niðurstöður úr Olweusarkönnun liggja fyrir og er prósentutalan hærri en í fyrra. Ákveðin skekkjumörk mældust sem gerir það að verkum að talan ein og sér segir ekki alla söguna. Vinna er þegar hafin við að kortleggja niðurstöður og skipuleggja næstu skref. Uppbyggingarstefnan og áætlun Olweusar gegn einelti vinna vel saman og er öll nálgun uppbyggingarstefnunnar til þess fallin að kenna nemendum sjálfstjórn og ábyrgð á eigin hegðun. Starfsfólk skólans vinnur jafnt og þétt allt skólaárið að forvörnum og fræðslu. Einn liður í þessari vinnu er heimsókn undirritaðrar í 4. - 10. bekk með textann „Ég er bara að djóka“ sem birtist hér aftar í blaðinu. Þar er á einfaldan hátt unnið með samskipti og bent á það sem betur má fara og hvert hlutverk okkar fullorðnu er í því sambandi. Vert er í því samhengi að vitna í grein eftir Margréti Júlíu Rafnsdóttur verkefnastjóra hjá Barnaheillum sem birtist í Fréttablaðinu 20. janúar sl. Þar segir m.a. að það sem einkennir barnahópa „þar sem einelti nær ekki að þrífast er hár þröskuldur umburðarlyndis. Þar er **samkennd**“. Það er á ábyrgð okkar fullorðna fólksins að búa börnum slíkt umhverfi og hinir fullorðnu þurfa að vera góðar fyrirmyndir barnanna í orði og verki.

Stella deildarstjóri

Gildi mánaðarins:

“Samkennd”

Úr skólanámskrá:

Markmið:

Að efla samhug og samstarf heimila og skóla í þágu nemenda.

Innra starf:

Að kenna nemendum að virða náunga sinn og umhverfi.

Að nemendur sýni samábyrgð og virði jafnan rétt einstaklinga

Að kenna nemendum að bera ábyrgð á gerðum sínum og eigin heilbrigði.

Gildi:

Umhyggja; Við dæmum ekki og erum tilbúin til að aðstoða hvert annað.





Heilræði fyrir foreldra og leiðbeiningar um örugga netnotkun



www.saft.is

Brekkuskóli

v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Niðurstöður foreldra á 1 - 5 - 8 námskeiðum í Brekkuskóla haustið 2014

Á foreldranámskeiðum 1 - 5 - 8 sem haldin voru fyrir foreldra í 1., 5. og 8. árgangi í október sl. greindu þeir **hlutverk kennara** annars vegar og **hlutverk foreldra/forráðamanna** hins vegar. Námskeiðin eru liður í "Uppbyggilegum Olweusi" þar sem tvinnuð er saman fræðslu í agastjórnunarstefnu skólans og áætlun gegn einelti. Niðurstöður foreldra hafa verið teknar saman og eru sem hér segir:

1. árgangur

Hlutverk foreldra/forráðamanna er	Hlutverk umsjónarkennara er
Að sinna grunnþörfum barnsins s.s. næring, svefn, klæði, ástúð og öryggi. Að vera góð fyrirmynd. Að senda barnið með hollt og gott nesti í skólann. Að hafa jákvætt viðhorf og góð samskipti við kennara og skólann. Að sinna uppeldishlutverki sínu af ábyrgð, hvetja barnið og veita leiðsögn. Að stuðla að vináttu við önnur börn. Að vera í góðum samskiptum við foreldra og samstillta reglur. Að hlusta á heimalestur og styðja við heimanám. Að gæta þess að barnið hafi nauðsynleg skólagögn. Að merkja öll gögn og fatnað. Að sjá til þess að barnið mæti á réttum tíma í skólann. Fylgjast vel með hvað er um að vera í skólanum. Gera sanngjarnar kröfur. Að vera talsmenn barnanna ef eitthvað kemur uppá.	Að stuðla að vellíðan, vináttu og öryggi barna í skólanum. Að láta vita fljótt ef eitthvað er að, til að fyrirbyggja frekari vanda. Að hvetja barnið til lærdóms. Að ávinna sér traust barnanna og vera þeim góð fyrirmynd. Að hafa jákvæðan aga og bekkjaranda. Að þekkja börnin, horfa á sterkar hliðar og mæta þeim út frá þeirra þörfum. Að vera grænn og vænn. Að vera glaður, jákvæður, áhugasamur og umhyggjusamur. Að vera í góðum tengslum við foreldra og hvetja til samstarfs. Að stuðla að gagnkvæmri virðingu á milli kennara og barnanna. Að vera stundvís. Að vera sveigjanlegur. Að skapa vinnufrið. Að gefa skýr fyrirmæli. Að gera ekki upp á milli barna.
Hlutverk foreldra/forráðamanna er ekki	Hlutverk umsjónarkennara er ekki
Að undirbúa og sjá um kennslu. Að tala neikvætt um skólastarfið, námið, samnemendur og kennara. Að hundska vandamál. Að vera missa stjórn á skapi sínu. Að stýra skólastarfinu. Að gera ósanngjarnar / óraunhæfar kröfur til barna og skóla. Að koma sér undan ábyrgð. Að vera óstundvís.	Að flýja vandann. Að niðurlægja börnin. Að hundska vandamál. Að koma sér undan ábyrgð. Að bera ábyrgð á menntun og uppeldi barnanna. Að draga börnin í dilka vegna stöðu foreldra. Að vera missa stjórn á skapi sínu. Að vera dómharður. Að sinna næringarþörfum barnsins. Að bera ábyrgð á fatnaði barnanna.

Frh. Niðurstöður 1 - 5 - 8

5. árgangur

Hlutverk heimila er	Hlutverk skóla er
Að veita öryggi (fæði-klæði-húsnæði) ást og umhyggju Að vera jákvæð í garð skólans og sýna áhuga Að vera góð fyrirmynd og sýna ábyrgð Að hafa góð samskipti milli foreldra Að vera hvetjandi og sporna við einelti Að ræða við og hlusta á börnin Að þekkja börnin sín og bekkjarfélaga þeirra Að sjá um skólagögn og aðstoð við heimanám Að vera í góðum samskiptum við kennara og skóla	Að halda utan um nám barna í skólanum og vera hvetjandi Að vera sanngjarn og uppbyggjandi Að vera góð fyrirmynd Að sporna við einelti Að vera í góðu sambandi við foreldra Að halda jákvæðum aga Að styðja nemendur í því að leysa vandamál sem koma upp í skóla Að koma eins fram við alla Að hlusta á nemendur Að tryggja vellíðan hvers barns í bekknum eins mismunandi og þau eru

Hlutverk heimila er ekki	Hlutverk skóla er ekki
Að grafa undan starfsemi skólans með neikvæðni og afskiptasemi Að stjórna skólastarfinu Að fara í hlutverk kennarans Að læra heima fyrir börnin Að setja sig upp á móti reglum skólans	Að raða í öskudagslið Að baktala foreldra Að taka ábyrgð á foreldrum Að beita nemendur þrýstingi þannig að þeim finnst þeir þurfa að falla í ákveðinn hóp Að mismuna nemendum t.d. vegna stöðu foreldra Að sjá um uppeldi barna Að setja sig í valdastöðu gagnvart heimilum



Frá Marítafræðslu í 5. bekk - janúar 2015

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Frh. Niðurstöður 1 - 5 - 8

8. árgangur

Hlutverk foreldra/forráðamanna er	Hlutverk umsjónarkennara er
Að hlusta og ráðleggja barninu Að halda trúnað við bæði barn og skóla Að veita öryggi, ást og umhyggju Að sjá til að barnið fái næga hvíld Að hrósa Að undirbúa börnin Að sinna grunnþörfum (ást, umhyggja, fæði, klæði agi og mörk) Að vera hvetjandi og góð fyrirmynd Að fylgjast með barninu í skólastarfi og óska eftir upplýsingum þegar við á og efla ábyrgð á námi Að skoða vandamál frá öllum sjónarhornum og orða skoðanir sínar án þess að dæma Að styðja börnin sín í námi og leik Að viðhalda góðum samskiptum við skólann Að virða mörk skólans og barnanna Að veita skólanum aðhald Að rækta með börnunum virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, bæði í daglegu lífi og á samskiptamiðlum Að mynda tengsl við kennara Að mynda tengsl við foreldra annarra barna Að setja mörk Að tala vel um skóla (passa lítil eyru) Að aðstoða við heimanám	Að vera tengiliður milli heimilis og skóla Að fylgjast með liðan barns og sporna við einelti Að gera skóla og nám áhugavert Að hvetja áfram Að kenna/leiðbeina Að vera vinur Að hrósa Að veita öryggi og hafa velferð barnsins að leiðarljósi Að efla gagnrýna og sjálfstæða hugsun Að kenna samskipti, aga og mörk Að orða skoðanir sínar án þess að dæma Að skoða vandamál frá öllum sjónarhornum Að vera gagnrýnninn á námsefni og kennslu Að skapa styðjandi námsumhverfi Að skapa góð tengsl við heimili, hlusta á foreldra og veita heimilum nauðsynlegar upplýsingar Að hafa góða yfirsýn yfir stöðu nemenda í námi Að undirbúa námsefni með tilliti til mismunandi námsþarfa Að styðja við nám og leik barna Að stuðla að skapandi námsumhverfi Að halda trúnað Að sýna nemendum umhyggju og vera góð fyrirmynd Að hlusta

Hlutverk foreldra/forráðamanna er ekki	Hlutverk umsjónarkennara er ekki
Að tala neikvætt um skólann og skólasamfélagið Að tala neikvætt um aðra (foreldra og börn) Að skipuleggja skólastarfið Að beita ofbeldi Að gera hlutina fyrir börnin Að dæma Að ala á eða innræta fordóma Að stjórna kennaranum Að stjórna kennsluháttum	Að bera ábyrgð á uppeldi nemenda Að innræta lífsskoðanir Að beita ofbeldi Að bera ábyrgð á stundvísi nemenda Að vera geymsla Að dæma Að útvega nesti og fatnað

Ég er bara að djóka!



Ég er bara að „djóka“ eða „grín“ heyrir býsna oft, einkum meðal barna og unglinga en stundum líka hjá fullorðnum. Þessi setning er gjarnan sögð á eftir einhverri athugasemd sem gæti virkað neikvæð.

Það sem sagt er með „djók“- eða grínivafi er náttúrulega stundum bara „smá skot“, en gæti virkað sem móðgandi eða særandi athugasemd(ir).

Ástæður /hvatar að baki þess að segja „ég er bara að djóka“ geta verið allt frá því að vera kaldhæðinn húmor, biturleiki, kvikindisskapur, hatursfullar hugsanir eða afbrýðisemi.

Stundum er viðkomandi að reyna að vera fyndinn í augum félaganna og gerir það með þessum hætti, en þá á kostnað einhvers annars.

Sá sem bætir við „ég var bara að djóka“ vill nefnilega ekki fá neinn bakreikning, t.d. að verða ásakaður um að vera með neikvæða eða særandi framkomu. Verði hann krafinn skýringa segir hann einfaldlega „já en ég var bara að djóka“. Skilaboðin eru „**ekki taka það sem ég var að segja OF alvarlega EN ég meinti það kannski samt**“.

Sennilega er þetta ekki háalvarlegt en stundum situr hinn aðilinn eftir með blendnar tilfinningar „var hann að meina þetta eða ekki?“

Hugsunin og tilfinningin um að kannski hafi verið ALVARA að baki orðunum sem sögð voru situr eftir og vangaveltur um hvernig eigi að taka athugasemdin.

Hver svo sem niðurstaðan verður skilja tjáskipti af þessu tagi oft eftir sig slæma tilfinningu. Öllu gríni fylgir nokkur alvara.

En auðvitað verður að vera hægt að gantast eða spauga og sannarlega er gott að temja sér að taka sig ekki of hátíðlega. En börn eru börn og þau hafa ekki alltaf þroska til að vinna úr því sem sagt er í „djóki“ eða gríni. **Orð bera alltaf ábyrgð.** Neikvæð orð eiga til að lifa lengi, gera usla og raska sálarró jafnvel þótt þau séu sett fram í gríni.

Foreldrar og kennarar sem heyra börn nota þetta mikið, ættu að benda þeim á að þau gætu verið að særa þann sem þau tala við og að „djókinu“ sé ekki endilega tekið sem slíku. Hægt er að hvetja þau til hugsu um hvað þau eru að segja og spyrja sig hvort þau myndu vilja láta „djóka“ svona með sig. Hreinleg samskipti eru auðvitað það sem hlýtur að vera eftirsóknaverðast að tileinka sér. Hæfni til að greina á milli þess hvað hægt er að segja án þess að særa og hvað best er að láta kyrrt liggja kemur með þroska og er einnig liður í almennu grunnuppeldi.

Kennum börnum okkar að hafa að leiðarljósi „aðgát skal höfð í nærveru sálar“.

Börn og fullorðnir hafa gott af því að rifja upp tvennt í þessu sambandi: **Hugsa áður en talað er og prófa sem oftast að setja sig í spor annarra.**



Olweusarvinna gegn einelti - örugg samskipti

Febrúar 2015

1.	2. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, salat og ávextir	3. Samtalsdagur Frístund opin frá kl. 08:00	4. Samtalsdagur Frístund opin frá kl. 08:00	5. Steiktur kjúklingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	6. Skrý, brauð, álegg, salat og ávextir	7.
8.	9. Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	10. Hakkbollur, kartöflur, grænmeti og ávextir Alþjóða netöryggisdagurinn	11. Björkeby fiskur, kartöflur, salat og ávextir	12. Lambapottréttur, kartöflumús, grænmeti og ávextir	13. Pastaréttur, brauð, salat og ávextir	14.
15.	16. Fiskibollur, kartöflur sósa, salat og ávextir Bolludagur	17. Saltkjöt og baunir, tókall! Sprengidagur	18. Vetrarfrí Frístund opin frá kl. 08:00 fyrir þá sem þar eru skráðir Öskudagur	19. Vetrarfrí Frístund opin frá kl. 08:00 fyrir þá sem þar eru skráðir	20. Vetrarfrí Frístund opin frá kl. 08:00 fyrir þá sem þar eru skráðir	21.
22.	23. Kjötbúðingur, kartöflur, grænir baunir, rauðkál og ávextir	24. Silungur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	25. Steikt lambakjöt, kartöflur, salat og ávextir	26. Fiskipottréttur, hrísgrjón, salat og ávextir	27. Súpa, brauð, álegg, salat og ávextir	28.

NETORÐIN 5

**GÆTTU AÐ HVAD ÞÚ GERIR Á NETINU!
ÞAD SJÁ ÞAD ALLIR.**

- Allt sem þú gerir á netinu endurspeglar hver þú ert
- Góð samskipti eru jafn mikilvæg á netinu og annars staðar
- Ekki taka þátt í neinu sem þú veist ekki hvað er
- Mundu að þú skilur eftir þig stafræn spor á netinu
- Þú berð ábyrgð á því sem þú segir og gerir á netinu






Í janúar fengu 6. og 8. árgangur fræðslu um öruggar netvenjur frá SAFT.

Heilræði til foreldra skólabarna um öruggar netvenjur er að finna á vefsíðu SAFT www.saft.is